



Mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík, 12. nóvember 2024

Efni: Meðferðarúrræði

Umboðsmaður barna hefur þungar áhyggjur af þeim aðkallandi vanda sem skapast hefur í málefnum barna með fjölþættan vanda og því alvarlega úrræðaleysi sem ríkt hefur í málaflokknum um langt skeið. Þykir embættinu nú tilefni til þess að ávarpa það neyðarástand sem við blasir.

Opinber gögn og rannsóknir hafa sýnt fram á að aukin áhættuhegðun og ofbeldi meðal barna hefur verið vaxandi vandamál undanfarin ár. Þrátt fyrir það hafa þau úrræði sem ætluð eru þessum hóp barna, þ.m.t. meðferðarþjónusta, ekki verið fullnægjandi eða aðgengileg. Skort hefur á að börn fái þann stuðning og þá þjónustu sem nauðsynleg er og hefur umboðsmaður barna ítrekað vakið athygli stjórnvalda á þeirri stöðu. Ljóst er að aukið fjármagn inn í málaflokkinn hefur ekki skilað árangri í þá átt að bæta úr þeim vanda, enda hefur Barna- og fjölskyldustofa fækkað verulega eigin meðferðarúrræðum fyrir börn með fjölþættan vanda og þjónusta þeirra verið skert, m.a. með lokun meðferðarúrræða og sumarlokun Stuðla sem embættið gerði athugasemdir við með bréfi, dags. 16. maí sl.

Árið 2012 kom fram í framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar að brýn þörf væri á nýju meðferðarúrræði sem þjónustað gæti börn sem glíma við alvarlegan vímuefnavanda eða sæta gæsluvarðhaldi eða afplánun. Hafa áform um stofnun nýs meðferðarheimilis síðan komið fram í öllum framkvæmdaáætlunum í barnavernd sem lagðar hafa verið fram á Alþingi. Árið 2018 undirrituðu þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra, Barnaverndarstofa og Garðabær sameiginlega viljayfirlýsingu um uppbyggingu nýs meðferðarúrræðis fyrir börn í Garðabæ þar sem fram kom að stefnt væri að því að framkvæmdir við meðferðarheimilið hæfust árið 2019. Framkvæmdir hafa enn ekki hafist og ljóst er að meðferðarheimilið er engu nær því að verða að veruleika nú en þegar umræður um það hófust fyrir meira en áratug síðan, þrátt fyrir aðkallandi þörf.

Þessi þróun hefur nú leitt til þess að þau meðferðarúrræði sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 standa ekki undir hlutverki sínu. Er meðferðarkerfið því ófært um að sinna þeirri þjónustuþörf sem því er ætlað að sinna í þágu þessa viðkvæma hóps barna.

Í dag er ekkert meðferðarúrræði til staðar fyrir drengi á Íslandi, þar sem engin hefðbundin meðferðardeild er nú starfrækt á Stuðlum og meðferðarheimilinu að Lækjarbakka hefur verið lokað. Samkvæmt upplýsingum embættisins stendur til að opna nýtt meðferðarúrræði fyrir lok árs í Skálatúni en ekki er gert ráð fyrir að heimilið geti sinnt þjónustubörf allra barna sem á þurfa á halda. Starfsemi Stuðla hefur verið verulega skert eftir að bruni varð í október sl., þar sem 17 ára barn lést í umsjá yfirvalda.

Í kjölfarið hefur fangageymsla lögreglustöðvarinnar í Flatahrauni verið tekin til notkunar til þess að taka á móti börnum í neyðarvistun. Starfsmenn umboðsmanns barna hafa heimsótt aðstöðuna og er það mat embættisins að hún sé með öllu óviðunandi sem vistunarstaður fyrir börn.

Sú alvarlega staða sem blasir við í málaflokknum kallar á tafarlaus viðbrögð ráðuneytisins. Minnir umboðsmaður barna á þær skyldur sem hvíla á íslenska ríkinu samkvæmt Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, þá einkum rétt barna til lífs og þroska skv. 6. gr. Barnasáttmálans. Ákvæðið tryggir börnum rétt til þess að alast upp við þroskavænleg skilyrði og gerir því m.a. kröfu um fullnægjandi heilbrigðisþjónustu, menntun og vernd gegn ofbeldi, vanrækslu, misnotkun og annars konar illri meðferð. Lögð er áhersla á að sérhverju barni séu tryggðar aðstæður þar sem þeim getur liðið vel og fái tækifæri til þess að ná líkamlegum, andlegum, siðferðislegum og félagslegum þroska. Réttur barna samkvæmt ákvæðinu er forsenda þess að þau fái notið annarra mannréttinda samkvæmt Barnasáttmálanum. Telur umboðsmaður barna ljóst að réttur þessa viðkvæma hóps barna samkvæmt ákvæðinu sé ekki virtur að fullu.

Óskar umboðsmaður barna þess að fá upplýsingar um afstöðu ráðuneytisins vegna þeirrar stöðu sem lýst hefur verið hér að framan. Ennfremur óskar embættið eftir upplýsingum um það með hvaða hætti ráðuneytið hyggst bregðast við því neyðarástandi sem skapast hefur í málaflokknum, með hliðsjón af skyldum ríkisins samkvæmt Barnasáttmálanum. Þá óskar umboðsmaður einnig eftir upplýsingum um það hver framtíðarsýn ráðuneytisins er varðandi meðferðarkerfið á Íslandi og hvernig skipulag og uppbygging þess geti tryggt að hægt sé að bregðast við ófyrirsjáanlegum atvikum án þess að skerða eða afnema þurfi þjónustu við börn sem á þurfa að halda.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni barna eigi síðar en 2. desember nk.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna